# HANDKNATTLEIKSFÉLAG KÓPAVOGS

# ÁRSSKÝRSLA 2024



# EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS .......... 2
SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR .......... 4
SKÝRSLA HANDKNATTLEIKSDEILDAR .......... 8
SKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR .......... 10
SKÝRSLA BLAKDEILDAR .......... 14
SKÝRSLA BORÐTENNISDEILDAR .......... 18
SKÝRSLA DANSDEILDAR .......... 20
SKÝRSLA BANDÝDEILDAR .......... 22
HEIÐURSVIÐURKENNINGAR .......... 24
ÁRSREIKNINGAR .......... 29

# ÁVARP FORMANNS

Kæru félagar

Árið 2025 byrjaði aldeilis vel er HK-ingurinn Glódís Perla Viggósdóttir var útnefnd íþróttamaður ársins 2024, með 480 stig eða fullt hús stiga. Hún hefur rutt sér leið til allra fremstu knattspyrnukvenna heims og staðið sig með mikilli prýði bæði með félagsliðum sínum og landsliðinu. Fyrir það hefur hún hlotið verðskuldaðar viðurkenningar. Glódís Perla er fyrsti HK-ingurinn sem nær þessum áfanga. Til að fagna þessum áfanga var blásið til veislu í Kórnum þann 5. janúar sl. þar sem HK heiðraði hana að viðstöddu margmenni og ungir aðdáendur fengu að hitta átrúnargoð sitt.

Þann 26. janúar sl. varð HK 55 ára og var því slegið upp afmælisveislu og samhliða var íþróttahátíð HK haldin með pompi og prakt. Íþróttakona HK var valin Líney Inga Guðmundsdóttir frá blakdeild HK og Birnir Breki Burknason frá knattspyrnudeild HK var valinn íþróttakarl HK. Lið ársins er U20 kvenna í blaki. Gunnsabikarinn var afhentur í fyrsta sinn þeim sjálfboðaliða sem þótti skara fram úr á árinu.

Enginn viðburður hefur þó sýnt betur styrk HK sem samfélag en styrktarleikurinn sem 4. flokkur karla hélt fyrir félaga sinn, Tómas Frey Guðjónsson, í janúar sl. Þessi einstaka stund, þar sem félagsmenn HK stóðu saman til að styðja einn af sínum eigin, undirstrikaði hversu magnað og hlýlegt samfélag við eigum í félaginu.



Á 101. Héraðsþingi UMSK sem haldið var í Kórnum þann 22. mars sl. voru fjölmargir HK-ingar sæmdir heiðursmerki ÍSÍ, UMFÍ og UMSK. Ragnar Gíslason, knattspyrnudeild, hlaut gullmerki ÍSÍ, Valdís Arnarsdóttir, handknattleiksdeild, hlaut silfurmerki ÍSÍ, Gunnþór Hermannsson, okkar eini sanni, hlaut silfurmerki ÍSÍ, Níels Einarsson, dansdeild, hlaut starfsmerki UMFÍ, Sigurður Viðarsson, sem gengur í öll verk, hlaut félagsmálaskjöld UMSK og dansdeild HK hlaut hvatningarverðlaun UMSK, fyrir dansframboð sitt til yngstu iðkenda þeim að kostnaðarlausu.

Eins og áður héldu deildirnar ýmsa íþróttaviðburði sem og aðra tekjuöflunarviðburði sem styðja við rekstur deildanna, en það er sífelld áskorun að afla tekna til að halda úti öflugu íþróttastarfi. Þar má helst nefna herra- og konukvöld HK sem tókust mjög vel. Þá var hið glæsilega Kópavogsblót, í samstarfi við Breiðablik og Gerplu, haldið í fimmta sinn og í þetta sinn voru gestir yfir 2500. Kópavogsblótið hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem stærsta þorrablót landsins og skiptir miklu máli fyrir félagsmenn HK sem og aðra Kópavogsbúa.

HK hefur á undanförnum árum byggst upp að krafti og stendur í dag sem eitt stærsta og öflugasta íþróttafélag landsins. Um þessar mundir stunda um 2.500 iðkendur reglulegar æfingar undir merkjum félagsins og taka þátt í fjölbreyttri og vandaðri dagskrá sem nær til allra aldurshópa. Við horfum fram á spennandi tíma þar sem HK samfélagið mun án efa halda áfram að vaxa og dafna.

Á síðasta ári hóf HK samstarf við Arena þar sem boðið er upp á skipulagt rafíþróttastarf undir merkjum HK við bestu mögulegu aðstæður og þjálfun. Markmiðið með starfinu er að bjóða upp á skipulagt, eflandi og jákvætt rafíþróttastarf fyrir börn og unglinga. Vert er að minnast á hlaupahópinn okkar öfluga undir stjórn Örvars Steingrímssonar, sem vaxið hefur töluvert á undanförnum árum. Íþróttaskóli

HK nýtur einnig mikilla vinsælda meðal yngstu iðkenda okkar og iðulega er fullur salur af kátum börnum. Sumarstarfið var blómlegt á árinu, þá sérstaklega í Kórnum þar sem boðið var upp á skipulagða dagskrá fyrir og eftir hádegi ásamt heitum mat í hádeginu. Þá kynntum við nýtt námskeið, fjölgreinanámskeið, sem hefur það að markmiði að kynna framboð íþrótta í félaginu fyrir 1. - 4. bekk.

Eitt af aðalverkefnum aðalstjórnar er að gæta að aðstöðumálum félagsins. Aðstaða til iðkunar í Kórnum er mjög góð og almennt ríkir mikill ánægja með hana. Dansdeild HK fékk úthlutað aðstöðu í Digranesinu til bráðabirgða og hefur æft þar undanfarin þrjú ár og standa vonir til að dansdeildinni verði fundin hentugri æfingaaðstaða á næstu misserum, en núverandi rými er bæði óhentugt og of lítið. Síðastliðið haust þurfti borðtennisdeild HK, sem æfir í Snælandsskóla, að fara tímabundið í Digranesið vegna myglu í húsnæði skólans sem gerði það að verkum að nokkrir iðkendur hættu. Vegna samstarfsverkefnis Grindavíkur og Kópavogsbæ í körfubolta fékk HK færri tíma til úthlutunar í Fagralundi sem kom einstaklega illa við blakdeild HK. Kórinn er í stöðugri notkun og því þarf að gæta vel að aðstöðunni, þ.e. að hún nýtist HK sem best og að gætt sé að viðhaldi og eðlilegri endurnýjun. Á árinu var hafist handa við að skipta út hurðum í knatthúsinu sem og nýtt gervigras var lagt í knatthúsið. Á komandi ári stendur svo til að laga klæðninguna á Kórnum sem er komin á tíma. Vinna með Kópavogsbæ varðandi stúku og nýjan gervigrasvöll á félagssvæði HK stendur enn yfir. Aðalstjórn vonast til að eiga samtal við Kópavogsbæ varðandi framtíðarsvæði HK þar sem búast má við verulegri fjölgun iðkenda í náinni framtíð vegna nýrra hverfa sem eru að rísa hér í efri byggðinni.

Rekstur félagsins hefur verið ágætur undanfarið ár. Því má þakka miklu aðhaldi með rekstrinum sem og stöðugri og góðri samvinnu við deildarstjórnir. Haldnir hafa verið fundir með deildstjórnum bæði til að fara yfir rekstur og önnur mál. Fjáröflun og rekstur deildanna er sífelld áskorun en með góðu aðhaldi skrifstofu og aðalstjórnar hefur tekist ágætlega til.

Á árinu samþykkti aðalstjórn nýjar siðareglur fyrir félagið sem og jafnréttisætlun sem unnin var af ÍSÍ í samstarfi við Jafnréttisstofu en innan íþróttahreyfingarinnar er mikilvægt að jafnréttis í sem víðustum skilningi sé gætt. Þá hóf aðalstjórn stefnumótunarvinnu en markmiðið með henni er að skapa sameiginlega framtíðarsýn félagsins og efla félagið enn frekar.

Aðalstjórn HK vill koma á framfæri sérstökum þökkum til allra þeirra sjálfboðaliða sem hafa lagt hönd á plóg og gert félaginu kleift að halda mót og viðburði. Sjálfboðaliðar eru burðarstólpar HK. Án þeirra ósérhlífnu vinnu og fórnfýsi væri ekki hægt að halda úti því fjölbreytta og öfluga starfi sem við njótum í dag. Sífellt er meira krefjandi að fá sjálfboðaliða til starfa og ekki hjálpar það til þegar stjórnvöld, í þessu tilviki Skatturinn, sendi út bréf á aðalstjórnir íþróttafélaga í lok árs. Í bréfinu var tekið fram að upplýsinga- og greiðsluskylda hvílir á aðalstjórnum félaga vegna staðgreiðslu opinberra gjalda og kann vanræksla á þeim skyldum að leiða til refsiábyrgðar. Ljóst er að samtal þarf að eiga sér stað á milli íþróttahreyfingarinnar og stjórnvalda varðandi rekstur íþróttafélaga almennt, sérstaklega þegar haft er í huga hversu mikilvægu hlutverki íþróttafélögin gegna í æskulýðs- og forvarnarstarfi. Þá eru gerðar ríkar kröfur af samfélaginu að íþróttafélögin standi undir þessu hlutverki en slíkt getur verið afar krefjandi þegar stóla þarf að mestu á öfluga sjálfboðaliða, bæði til að reka deildirnar og afla fjár.

Áfram HK!

F.h. aðalstjórnar
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir
Formaður aðalstjórnar

# SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR

Aðalstjórn HK er í forsvari fyrir félagið gagnvart ÍSÍ, UMFÍ, UMSK, Kópavogsbæ, opinberum yfirvöldum og aðalstjórnum annarra íþróttafélaga.

Aðalstjórn ber ábyrgð á fjárreiðum deilda, hún setur deildum reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna og hefur eftirlit með þeim. Aðalstjórn annast rekstur eigna og íþróttahúsa HK, starfrækir íþróttaskóla HK ásamt almenningsíþróttahópum.

Eftirfarandi skipuðu stjórn á starfsárinu:

| | |
|---|---|
| **Árnína Steinunn Kristjánsdóttir** | formaður |
| **Alexander Arnarson** | varaformaður |
| **Atli Steinn Árnason** | meðstjórnandi |
| **Anný Berglind Thorstensen** | meðstjórnandi |
| **Guðmundur K. Guðmundsson** | meðstjórnandi |
| **Anna Fríða** Stefánsdóttir | meðstjórnandi |
| **Andrés Jónsson** | meðstjórnandi |
| | |
| **Sandra Sigurðardóttir** | framkvæmdastjóri |

**Helstu viðburðir á árinu 2024**
Félagið hélt stór mót í Kórnum á árinu, þ.á.m. Krónumót fyrir yngstu flokkana í knattspyrnu og Ákamótið í handbolta fyrir 7. flokk karla og kvenna. Nánar má lesa um rekstur deilda og árangur í skýrslum viðkomandi deilda.

**Styrktaraðilar**
Helstu styrktaraðilar HK hafa haldið tryggð við félagið og staðið þétt við bakið á félaginu á undanförnum árum. Það er ómetanlegt fyrir okkur HK-inga að hafa jafn öflug og traust fyrirtæki sem bakhjarla félagsins. Við sendum þeim okkar bestu þakkir.

**Íþróttaskóli barna**
Aðalstjórn HK heldur úti íþróttaskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 5 ára með aðsetur í Kórnum. Þar hefur farið fram fjölbreytt og skemmtileg dagskrá sem miðar að því að efla skyn- og hreyfiþroska.

Markmiðið íþróttaskólans er að kynna börnin fyrir fjölbreyttri hreyfingu og verkefnum við bestu mögulegu aðstöðu til iðkunar. Við leggjum okkur fram við það að upplifun iðkenda og foreldra sé með besta móti og öllum á að líða vel í Kórnum.

**Hlaupahópur**
Hlaupahópur HK hefur vaxið og dafnað og samanstendur af kröftugum og öflugum hlaupurum. Hlaupahópur HK stóð fyrir Vatnsendahlaupinu og var þátttaka fram úr björtustu vonum. Á árinu var hlaupahópur HK skráður í FRÍ og keppa nú hlauparar undir merkjum HK á frjálsíþróttamótum.

**Rafíþróttadeild HK**
Á árinu hóf HK samstarf við Arena Gaming um þjálfun rafíþrótta. Iðkendur HK stunda nú rafíþróttir hjá Arena við bestu mögulegu aðstæður. Samstarfið hefur verið ánægjulegt og verður spennandi að fylgjast með rafíþróttunum stækka á næstu misserum.

**Mannauður**
Mannauður HK liggur fyrst og fremst í frábærum iðkendum, kraftmiklu stjórnar- og starfsfólki ásamt þjálfurum innan allra deilda. Hjá HK starfa um og yfir 150 manns við þjálfun í sex deildum. Skrifstofa félagsins sér um allan daglegan rekstur og hefur eftir fremsta megni reynt að létta á störfum sjálfboðaliða félagsins. Faglegu starfi deilda er stýrt af stjórnum þess og ráðum, sem sjálfboðaliðar skipa, en þar situr frábært fólk sem vinnur óeigingjarnt starf fyrir félagið.

**Afrekssvið Menntaskólans í Kópavogi (MK)**
Frá 2019 hefur MK haldið úti afrekssviði fyrir metnaðarfullt íþróttafólk. Afrekssviðið er opið fyrir alla óháð íþróttafélögum og æfa stórir hópar hjá okkur í Kórnum bæði handbolta og fótbolta frá hinum ýmsu félögum. Æfingarnar fara fram tvisvar í viku undir styrkri stjórn framúrskarandi þjálfara.

**Heilsuefling eldri borgara**
„Virkni og vellíðan“ er verkefni sem miðar að heilsueflingu fyrir 60 ára og eldri í Kópavogi. Þátttakendur fá tækifæri til að stunda hreyfingu í því félagi sem stendur næst heimili þeirra. Í Kórnum eru nú yfir 200 iðkendur í átta hópum sem stunda reglulega hreyfingu og er gríðarlega gaman að sjá hversu öflugur hópurinn er.

**Íþrótta- og afmælishátíð HK**
Íþrótta- og afmælishátíð HK var haldin hátíðleg á afmælisdegi HK, 26. janúar 2025. Hátíðin var að þessu sinni haldin í íþróttasal HK og margt var um manninn þar sem fremsta íþróttafólk HK var heiðrað.

Íþróttaárið 2024 var eftirminnilegt fyrir margar sakir, þar unnust sætir sigrar sem og íþróttafólkið okkar blómstraði sem aldrei fyrr. HK-ingur ársins var útnefndur í fyrsta sinn fyrir störf í þágu félagsins.

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, formaður HK, setti hátíðina og ávarpaði íþróttafólk og aðra gesti. Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogsbæjar ávarpaði gesti og heiðraði HK í tilefni afmælisins.




Í ár voru eftirfarandi heiðranir veittar þeim íþróttamönnum HK sem þóttu hafa skarað framúr á árinu, sem jafnframt voru tilnefndir af félaginu til íþróttafólks Kópavogsbæjar í viðeigandi flokki.

**Íþróttafólk HK 2024**

**Íþróttakona HK** – Líney Inga Guðmundsdóttir, Blakdeild.

**Íþróttamaður HK** – Birnir Breki Burknason, Knattspyrnudeild.



**Lið ársins 2024** – U20 kvenna í blaki.



**HK-ingur ársins 2024 (Gunnsabikarinn) -** Ragnheiður Soffía Georgsdóttir




**Á árinu 2024 voru eftirfarandi einstaklingar heiðraðir af deildum fyrir góðan árangur:**

**Blakkona og blakmaður ársins** - Líney Inga Guðmundsdóttir og Tómas Davidsson

**Blakkona og blakmaður ársins í flokki ungmenna** - Guðný Rún Rósantsdóttir og Markús Freyr Arnarsson

**Danskona og dansmaður ársins** - Eva Karen Ólafsdóttir og Hilmar Már Sigurpálsson

**Danskona og dansmaður ársins í flokki ungmenna** - Soffía Ísabella Bjarnadóttir og Ragnar Hersir Ingvarsson

**Handknattleikskona og handknattleiksmaður ársins** - Aníta Eik Jónsdóttir og Ágúst Guðmundsson

**Handknattleiksskona og handknattleiksmaður ársins í flokki ungmenna** – Tinna Ósk Gunnarsdóttir og Bjarki Freyr Sindrason

**Knattspyrnukona og knattspyrnumaður ársins** - Elísa Birta Káradóttir og Birnir Breki Burknason

**Knattspyrnukona og knattspyrnumaður ársins í flokki ungmenna** - Elísa Birta Káradóttir og Bjarki Örn Brynjarsson

**Borðtennismaður ársins** - Óskar Agnarsson

**Bandýkona og bandýmaður ársins** – Katrín Magdalena Haig Konráðsdóttir og Helgi Geirsson

**Bandýkona og bandýmaður ársins í flokki ungmenna** - Sóley Magnúsdóttir og Ívar Öberg

**Hlaupakona og hlaupakarl ársins** - Anna Harðardóttir og Eyjólfur Alexandersson

**Innilega til hamingju HK-ingar með frábært ár og flottan árangur – framtíðin er ykkar!**

# SKÝRSLA HANDKNATTLEIKSDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

| | |
|---|---|
| **Brynjar Freyr Valsteinsson** | formaður |
| **Magnús Fjalar Guðmundsson** | varaformaður |
| **Alexander Giess** | gjaldkeri |
| **Hrund Sverrisdóttir** | ritari |
| **Kristín Helga Einarsdóttir** | meðstjórnandi |
| **Jón Ágúst Garðarsson** | meðstjórnandi |
| **Valdís Arnarsdóttir** | form. mfl.ráðs kvenna |
| **Unnur Vala Jónsdóttir** | form. mfl.ráðs karla |
| **Erla Hanna Hannesd.** | form. barna- og unglingaráðs |
| **Ársæll Ingi Guðjónsson** | hætti í stjórn á árinu |
| **Ingvar Ingvarsson** | hætti í stjórn á árinu |

Handknattleiksdeild HK er sú stærsta á landinu talið í fjölda iðkenda og hefur verið stærst í nokkuð mörg ár. Það æfa u.þ.b. 600 krakkar handbolta hjá HK og er félagið afar stolt af þessum mikla fjölda iðkenda. Þessum mikla og vaxandi áhuga má þakka öflugu starfsfólki HK, bæði áhugasömum og gríðarlega færum þjálfurum og einnig öflugu starfsfólki á skrifstofu HK. HK heldur úti æfingum á þremur starfstöðvum, í Kórnum, í Digranesi og á Kársnesi. Þótt HK hafi fært aðalstarfsstöð sína í Kórinn þá er vagga handboltans í Digranesi í Kópavogi og handknattleiksdeildin telur mikilvægt að halda þessari starfstöð aðgengilegri fyrir handboltaæfingar til framtíðar.

HK er eina félagið sem býður upp á handboltaæfingar í Kópavogi og því er mikilvægt að handknattleiksdeildin hafi aðstöðu á nokkrum starfstöðvum. Um nokkurt skeið hefur handknattleiksdeildin ekki getað boðið upp á æfingar í Snælandshverfi Kópavogs vegna aðstöðuleysis sem er miður, því þeir sem hafa viljað stunda handbolta í því hverfi hafa í einhverju mæli leitað annað.

Mikil framför hefur orðið hjá meistaraflokkum félagsins og félagið hefur sýnt metnað til að komast aftur í fremstu röð í handboltanum.

**Meistaraflokkur kvenna**

Mikill stígandi hefur verið hjá liði meistaraflokks kvenna sem nú spilar í næstefstu deild. Það er orðið ljóst að stelpurnar spila um laust sæti í úrvalsdeild eftir að deildarkeppninni lýkur vorið 2025.

Áfram er unnið að því að þétta hópinn með ungum og upprennandi leikmönnum úr yngri flokkum félagsins ásamt því sem reyndari leikmenn hafa gengið til liðs við félagið á yfirstandandi tímabili. Hefur það verið heilmikill styrkur fyrir liðið.

Stefnt er að því að keppa í efstu deild á næsta tímabili og til þess að það gangi eftir þarf margt að ganga upp. Uppaldir HK-ingar, sjálfboðaliðar, þjálfarar og félagsfólk þurfa að standa saman og róa í sömu átt. Það er gefið að handknattleiksdeild HK þarfnast fleiri sjálfboðaliða og köllum við eftir því hér.

Hilmar Guðlaugsson og Eva Hrund Harðardóttir eru þjálfarar meistaraflokks kvenna og hafa náð frábærum árangri í vetur með liðið sem á nú raunhæfa möguleika á því að spila í úrvalsdeildinni á komandi vetri.

**Meistaraflokkur karla**

Lið meistaraflokks karla hefur heldur betur látið til sín taka í vetur en liðið eygir nú möguleika á því að spila í úrslitakeppni í fyrsta skipti síðan árið 2012. Á því ári vannst fyrsti og eini Íslandsmeistaratitill félagsins í handknattleik. Leikmenn hafa lagt sig alla í verkefnið og með nokkrum styrkingum á leikmannahópi meistarflokks karla hefur tekist að leggja grunn að áframhaldandi árangri.

Stjórn handknattleiksdeildar stefnir að því að koma báðum liðum í fremstu röð en þar sem meistaraflokkar eru reknir fyrir styrktarfé þá þarf að spýta í og sækja fleiri styrtaraðila fyrir starfið. Á liðnu starfsári hefur verið unnið mikið þrekvirki í að styrkja meistaraflokka félagsins með því að sækja nýja styrktaraðila ásamt því að vinna áfram með þeim styrktaraðilum sem hafa stutt okkur til lengri tíma og kunnum við þeim miklar þakkir og von um að halda áfram góðu samstarfi.

Reynslumiklir þjálfarar meistaraflokks karla eru Halldór Jóhann Sigfússon og Vilhelm Gauti Bergsveinsson sem einnig er þjálfari HK2 sem er frábært verkefni þar sem yngri leikmenn fá tækifæri til að spreyta sig.




**Starfsemi yngri flokka**

Ekki var slegið slöku við í öflugu yngri flokka starfi HK á liðnu starfsári. Það er gaman að nefna að mjög góður árangur hefur náðst víða og nú nýlega varð 5. flokkur eldri bikarmeistari í kvennaflokki. 4. flokkur kvenna og karla komust einnig í úrslit bikarkeppninnar. HK á að auki fjölmarga fulltrúa í yngri landsliðum Íslands í handbolta sem bera öflugu yngri flokka starfi félagsins gott vitni. Öll þessi lið og einstakir leikmenn eru HK til sóma og við erum ákaflega stolt af þeim, sem og öllum okkar iðkendum sem leggja sig fram við æfingar til að verða betri í sinni íþrótt.

Ákamótið var haldið í byrjun marsmánaðar í Kórnum. Ákamótið er stærsta handboltamót landsins þar sem nálægt eitt þúsund krakkar víðsvegar að af landinu komu í Kórinn til að keppa í handbolta. Stjórn Barna- og unglingaráðs félagsins hélt utan um mótið sem var nú líkt og endranær mjög vel heppnað.



**Önnur mál**

Starfsárið 2024 hefur verið sérstaklega skemmtilegt en á sama tíma krefjandi enda að mörgu að hyggja í jafn stóru og öflugu félagi. Nokkrar breytingar áttu sér stað á deildarstjórn á liðnu starfsári en Ársæll Ingi Guðjónsson, Ingvar Ingvarsson og Alexander Giess þurftu að hverfa til annarra verka. Vill stjórnin þakka þeim fyrir ánægjulegt samstarf á árinu og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Stjórn handknattleiksdeild HK fær mikinn stuðning í sinni vinnu frá starfsfólki skrifstofu HK og vill stjórnin færa þeim sérstakar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Einnig hefur aðalstjórn stutt vel við handknattleiksdeildina þar sem við höfum átt jákvæð og uppbyggileg samtöl á árinu og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Að lokum viljum við færa öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum og öðrum stuðningsmönnum ásamt velunnurum handknattleiksdeildarinnar fyrir framlag sitt í þágu handboltans í Kópavogi á liðnu ári. Þið eruð rokkstjörnur!

**Stjórn handknattleiksdeildar**
Brynjar Freyr Valsteinsson
Formaður

# SKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Hjörtur Þór Steindórsson** | formaður | **Kristján Jakobsson** | gjaldkeri |
| **Guðni Kristinsson** | varaformaður | **Sigurjón Hallgrímsson** | meðstjórnandi |
| **Brynjar Þór Kristófersson** | meðstjórnandi | **Þorvarður Kristjánsson** | meðstjórnandi |
| **Baldur Már Bragason** | meðstjórnandi | **Jóhannes Ásbjörnsson** | meðstjórnandi |

Fulltrúar ráða:

| | |
|---|---|
| **Kári Jónasson** | formaður meistaraflokksráðs karla |
| **Kristín Jónsdóttir** | fulltrúi meistaraflokksráðs kvenna |
| **Sigurður G. Flosason** | formaður barna og unglingaráðs |

Árið 2024 einkenndist af skinum og skúrum í rekstri knattspyrnudeildar HK enda er það mögulega eðli íþrótta að það eru sigrar og töp. Það væri líka hægt að færa rök fyrir því að árið 2024 hafi verið sögulegt ár hjá knattspyrnudeild HK. Fótboltastelpa úr Furugrund Kópavogs komst á stærsta svið heims í knattspyrnunni, tilnefnd til Ballon d´or verðlauna. Það hefur aldrei áður gerst að uppalinn HK-ingur verður á sama árinu Þýskalandsmeistari, þýskur bikarmeistari, fyrsti íslenski knattspyrnuleikmaður til að komast á blað í vali Gullboltans hjá France Football, eða Ballon d´or (22. sæti eða 22. besti leikmaður í heimi; besti miðvörður í heimi skv. því vali), sæmd heiðursmerki hinnar íslensku Fálkaorðu, valin KSÍ knattspyrnukona ársins 2024, er fyrirliði Bayern Munchen, fyrirliði íslenska landsliðsins og svo í lok ársins valin Íþróttamaður ársins á Íslandi. Hvernig var þetta ekki magnað ár fyrir knattspyrnudeild HK? Við þurfum að taka þennan magnaða árangur Glódísar Perlu með okkur inn í framtíðina - sem er svo sannarlega björt hjá HK.

Árangur náðist á mörgum stöðum þótt úrslitin í einstökum leikjum meistaraflokkana hafi ekki alltaf fallið með okkur. Fjölmargir ungir knattspyrnumenn og konur tókust á við krefjandi verkefni, mörg valin í hæfileikamótun KSÍ, mörg valin í unglingalandslið, kepptu á erlendri grundu, unnu mót á erlendri grundu, spiluðu úrslitaleiki og svo mætti telja lengi áfram.

Mikill árangur náðist í rekstri knattspyrnudeildar á árinu og tókst þar að snúa tapi fyrra árs upp á um 27 mkr. í hagnað upp á 1 mkr. fyrir árið 2024. Þetta er gríðarlegur viðsnúningur á rekstri á einu ári og ég veit að það fór mikill tími og orka í þetta því svona gerist ekki að sjálfu sér. Stjórnarmenn knattspyrnudeildar eiga mikið hrós skilið fyrir þessa mikilvægu niðurstöðu. Talandi um stjórnarmenn, þá komu inn nýir stjórnarmenn á árinu og vil ég þakka þeim fyrir sérstaklega því allir komu þeir inn með mikinn kraft og eldmóð.

Iðkendafjöldi deildarinnar er mikill, bæði hjá stelpum og strákum og mikill fjöldi þjálfara eðli málsins samkvæmt. Mikil áhugi á fótbolta í hverfinu okkar sem er frábært. Ljóst er að spennandi tímar eru framundan hjá okkar fjölmörgu iðkendum enda aðstaða mjög góð og mun verða betri með tilkomu nýs aðalvallar hér við hlið Kórsins. Bygging nýrrar stúku og nýs keppnisvallar hér á svæði HK verður bylting og er löngu kominn tími á þær framkvæmdir. Gert ráð

fyrir að framkvæmdir klárist árið 2027 og verður þetta bylting í rekstri knattspyrnudeildarinnar. Hönnun nýrrar stúku gerir ráð fyrir tveggja hæða mannvirki með yfir þúsund sætum, upphituðum keppnisvelli með flóðlýsingu og glæsilegri aðstöðu m.a. fyrir leikmenn og starfsfólk. Það verða sannarlega tímamót í sögu HK þegar troðfull stúka hvetur áfram sitt lið undir flóðljósum á nýjum keppnisvelli.

Samstarfið í stjórn deildarinnar var ágætt á árinu og haldnir fjölmargir fundir, en þó þannig að það komu upp aðstæður þar sem fólk innan raða knattspyrnudeildarinnar var ekki sammála um vegferðina framundan. Þetta varpar ljósi á þá staðreynd að þörf er á að fara í ákveðna stefnumótun innan knattspyrnudeildarinnar og marka okkur fastari stefnu til næstu ára og skipta með okkur verkum. Það gengur ekki að eyða verðmætum tíma og orku í innanbúðarátök því það veikir okkur sem félag. Til að ná alvöru árangri þurfa allir að róa í sömu átt.

Spurningin sem við hljótum að spyrja okkur reglulega er: hvert erum við að stefna og afhverju? Hvernig sköpum við umhverfi sem hvetur til árangurs, iðkendum og félaginu til heilla? Þessu verðum við að svara saman sem heild. Viljum við vera meðal „klúbbur" sem gerir allt ágætlega og er flakkandi á milli Lengjudeildar og Bestu deildar, svona eftir því hvað næst að selja mikið af auglýsingum það árið, mæta svo með fullt af útlendingum innanborðs til keppni, mögulega góða eða meðalgóða, eða viljum við byggja upp framúrskarandi knattspyrnudeild sem verður eins mikið og hægt er borin uppi af uppöldum öflugum leikmönnum? Viljum við bjóða upp á æfingar fyrir krakkana í hverfinu því við þurfum þess, er það markmiðið? Eða viljum við hafa það að markmiði að ná árangri, byggja upp öfluga leikmenn og einstaklinga sem eru markmiðadrifnir, árangursmiðaðir, hugrakkir, góðir liðsmenn? Árangri fylgir stemmning, stemmningu fylgir gleði og gleði er einmitt eitt af gildum félagsins.

Ég var hrifinn af því sem Eysteinn Hauksson, nýr yfirþjálfari deildarinnar sem kom til okkar á haustmánuðum 2024, sagði á kynningu sl. haust; að gott væri „þegar iðkendur okkar keyra framhjá HK svæðinu í framtíðinni hugsi þau, mikið svakalega var gaman í HK". Árangri fylgir gleði og stemmning.

Knattspyrnudeild HK hefur vaxið mikið undanfarin ár og fyrirséð að muni vaxa meira á næstu árum. Við þurfum stöðugt að leita leiða til að bæta okkar starf frá ári til árs. Metnaður félagsins er að vera með meistaraflokka karla og kvenna í deild þeirra bestu en til þess að það raungerist þá verða m.a. eftirtaldir hlutir að vera til staðar:

- *Topp aðstaða til knattspyrnuiðkunar og þjálfunar*
- *Yngra flokka starfið þarf að vera kröftugt, markvisst og árangursdrifið*
- *Fjárhagslegur stuðningur styrktaraðila (fyrirtækja)*
- *Fjárhagslegur stuðningur HK-inga (einstaklingar)*
- *Öflugir sjálfboðaliðar til að drífa áfram starfsemi deildarinnar*
- *Sameiginleg sýn varðandi vegferðina næstu árin – svo allir rói í sömu átt*

Ein mikilvægasta leiðin til að rekstur meistaraflokka félagsins verði sjálfbær til framtíðar er að hluti þeirra fjölmörgu ungu iðkenda okkar rati alla leið upp í meistaraflokka félagsins. HK er félag sem vill spila sem flestum uppöldum HK-ingum í meistaraflokkum og vera þekkt fyrir að gefa ungum leikmönnum tækifæri. En til þess verða þeir auðvitað að vera nógu góðir.

Sýn stjórnar deildarinnar er að hafa eins öflugt yngra flokka starf og hægt er með skýra afreksstefnu, svo að hægt sé að ná þeim markmiðum að vera með meistaraflokka félagsins í efstu deild og spila þar á sem flestum uppöldum leikmönnum. Við verðum að kappkosta við að búa hér til umhverfi þar sem að okkar framsæknustu og metnaðarfyllstu krakkar sjái að hér, hjá HK, er kröftum þeirra best borgið til að ná sínum markmiðum – hvort sem það er að komast í meistaraflokk, á skólastyrk til Bandaríkjanna eða í atvinnumennsku á erlendri grundu.

Verkefni sem þarf að ráðast í nú er að móta stefnu knattspyrnudeildar HK í afreksmálum. Það er ekki þar með sagt að allt snúist um

afreksþjálfun og ekkert annað. Því á sama tíma má ekki gleyma félagslegu hlutverki klúbbsins en við vitum auðvitað að íþróttaiðkun ungmenna hefur gríðarlegt forvarnargildi í samfélaginu okkar. Þetta á samleið og er það okkar að finna og feta þá leið. Að sama skapi þá þarf að setja saman starfsreglur fyrir knattspyrnudeildina svo að starfið sé skilvirkara og skýrt sé hver ber ábyrgð á hverju. Þetta er í vinnslu og mun það vera eitt af fyrstu verkefnum nýrrar stjórnar að klára þetta verkefni saman, ásamt því að klára stefnu í afreksmálum í samvinnu við yfirþjálfara, afreksþjálfara og meistaraflokksþjálfara svo dæmi séu tekin.

**Meistaraflokkur karla** lék í deild hinna bestu sumarið 2024 og var árangurinn lakari en væntingar stóðu til og niðurstaða sumarsins var fall. Ósigra þarf að nýta til að læra af og byggja upp. Það sem var jákvætt við tímabilið var að margir ungir og bráðefnilegir uppaldir strákar fengu tækifæri í liðinu sem þeir munu nýta í sumar til að fara aftur með HK upp um deild. Það er klárlega metnaður félagsins, og verður að vera það, að keppa í deild þeirra bestu. Fjárhagslega er himinn og haf á milli þess að keppa í Lengjudeildinni eða Bestu deildinni. Og sá fjárhagslegi munur skilar sér ekki bara í meistaraflokka heldur niður í unglingastarfið og afreksstarfið. Að keppa í Bestu deildinni er frábært fyrir félagið og hverfið því stemmningin í Kórnum er margfalt meiri í Bestu deildinni.

Ómar Ingi Guðmundsson steig til hliðar eftir tímabilið 2024 sem þjálfari meistaraflokks karla sem og aðstoðarþjálfari hans Ragnar Sigurðsson. Við þökkum við þeim félögum fyrir þeirra framlag til HK. Ómar Ingi hafði þjálfað hjá HK í fjöldamörg ár og staðið sig frábærlega og þökkum við honum fyrir einstakt starf í þágu klúbbsins. Á haustmánuðum 2024 var nýr þjálfari var ráðinn í stað Ómars. Hermann Hreiðarsson þarf lítið að kynna fyrir flestum knattspyrnuaðdáendum enda þekktur fyrir sinn knattspyrnuferil sem atvinnumaður erlendis og landsliðsmaður Íslands. Einnig hefur hann náð eftirtektarverðum árangri sem þjálfari, nú síðast með ÍBV þar sem hann vann Lengjudeildina sumarið 2024. Honum til aðstoðar er Halldór Geir Heiðarsson. Hermann og hans teymi hafa komið af krafti inn í starf HK og er nú að undirbúa liðið af kappi fyrir komandi tímabil. Að vanda ríkir mikil eftirvænting í herbúðum liðsins fyrir komandi tímabil og er stefnan sett beint upp í deild þeirra Bestu aftur.



**Meistaraflokkur kvenna** keppti sumarið 2024 í Lengjudeildinni. Stelpurnar stóðu sig mjög vel þó að þær hefðu ekki náð þeim árangi sem þær stefndu að. Nú hefur meistaraflokkur kvenna þó sýnt sig og sannað sem öflugt lið í Lengjudeildinni og verkefnið framundan að byggja ofan á það og búa til lið sem getur tekið skref fram á við á næstu árum. Mikill metnaður liggur í starfi meistaraflokks kvenna og er stefnan sett á keppa í Bestu deild kvenna innan tíðar. Þjálfari liðsins á tímabilinu var Guðni Þór Einarsson og aðstoðarþjálfari hans Gylfi Tryggvason. Við þökkum Guðna og Gylfa kærlega fyrir gott starf hjá félaginu. Nýtt teymi hefur tekið við keflinu en þeir eru Pétur Rögnvaldsson og honum til aðstoðar Andri Hjörvar Albertsson. Við bjóðum þá kappa hjartanlega velkomna og óskum þeim góðs gengis. Eins og hjá körlunum ríkir mikil eftirvænting fyrir komandi sumri hjá kvennaliði félagsins. Margar ungar og efnilegar stelpur eru hjá HK og verður mjög spennandi að fylgjast með þeim í sumar.



## Starfsemi yngri flokka

Stöðugt er unnið að því að efla yngri flokka starfið með metnaðarfullum og öflugum þjálfarateymum. Nýr yfirþjálfari, Eysteinn Hauksson, var ráðinn til starfa hjá félaginu í október sl. Eysteinn hefur hann komið inn af krafti og bindum við miklar vonir við hans störf. Áframhald hefur verið á svokölluðum "þjálfaradegi" sem haldinn er reglulega. Þar er lögð áhersla á að efla tengsl þjálfara deildarinnar, áherslur yfirþjálfara kynntar og fyrirlesarar koma í heimsókn.

HK bauð upp á þrjú mót á árinu 2024 fyrir yngri flokka. Lýsismót var haldið í fyrsta skipti í lok apríl fyrir B- og C-lið í 3. flokki karla og lukkaðist prýðilega. Annað árið í röð var haldið sumarmót fyrir 8. flokk drengja og stúlkna á Salavellinum, þar sem veðrið skartaði sínu fegursta. Loks ber að nefna okkar árlega og glæsilega Krónumót sem fór fram í nóvember í Kórnum. Þar mættu til leiks u.þ.b. 2.800 keppendur í 6.-8. flokki kvenna og karla.



## Að lokum

Glódís Perla sagði í ræðu sinni þegar hún tók við verðlaunum sem Íþróttamaður ársins að hún hafi byrjað 8 ára gömul á mölinni í Fagralundi. Hvað segir þetta okkur? Jú, draumar geta ræst. Með ástríðu fyrir íþróttinni, góðri aðstöðu, öflugu umhverfi og metnaðarfullu starfi ásamt vinnusemi geta ótrúlegir hlutir gerst. Glódís sagði einnig í ræðu sinni: „hvetjum þau (krakkana) til dáða, leyfum þeim að skara framúr, búum til umhverfi sem leyfir þeim að blómstra". Þetta er okkar verkefni.

Það er ekki hægt að tala um starf knattspyrnudeildarinnar án þess að minnast á þá frábæru sjálfboðaliða sem eru innan okkar raða. Allt stjórnarfólk í knattspyrnudeild og barna- og unglingaráði, meistaraflokksráði karla og kvenna, allir þeir sjálfboðaliðar sem koma að öllum okkar leikjum í meistaraflokkum karla og kvenna ár eftir ár, sem m.a. eru í liðsstjórn eða sjá um framkvæmd leikjanna, aðilar sem koma að þeim mótum sem við höldum fyrir yngri flokka. Án þessa öfluga fólks væri þetta ekki hægt og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra framlag til félagsins.

HK hjartað er einnig risastórt. Einstakt nýlegt dæmi er styrktarleikur sem fór fram nú í janúar sl. þar sem drengir í 4. flokki settu saman styrktarleik fyrir einn liðsfélaga sinn sem er að berjast við langvinnan sjúkdóm. Ómar Ingi fráfarandi þjálfari meistaraflokks karla komst vel að orði í sjónvarpsviðtali eftir leikinn: „Þetta er það sem íþróttir og íþróttafélög eiga að snúast um, vinskapur og samheldni. Þetta er held ég ástæða þess að fólk sendir börnin sín í íþróttir, til að vera hluti af svona samfélagi þar sem svona hlutir geta gerst. Þetta er yndislegt að sjá."

Ég þakka Kópavogsbæ, KSÍ og aðalstjórn HK fyrir gott samstarf og stuðning, meðstjórnendum mínum í stjórninni fyrir samstarfið. Þá vil ég þakka starfsmönnum á skrifstofu HK og öðrum starfsmönnum í Kórnum fyrir gott samstarf. Einnig vil ég koma á framfæri miklu þakklæti til þjálfara og aftur þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem hafa unnið fyrir deildina beint eða óbeint á árinu. Síðast en ekki síst vil ég þakka öllum þeim styrktaraðilum sem hafa lagt deildinni lið á árinu, en framlag þeirra er nauðsynlegt í rekstri knattspyrnudeildarinnar - og hvetjum þá til að koma á völlinn í sumar!

Framtíð knattspyrnudeildar HK er björt. Öflugir þjálfarar, sjálfboðaliðar og framtíðar landsliðsfólk og félagsmenn í Kórnum að æfa alla daga. Við erum enn að vaxa og það er spennandi. Við erum #liðfólksins og því hlakka ég til að sjá ykkur öll á vellinum í sumar. Áfram HK!

**Stjórn knattspyrnudeildar**
Hjörtur Þór Steindórsson
Formaður

# SKÝRSLA BLAKDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Laufey Björk Sigmundsdóttir** | Formaður | **Erna Bergþóra Einarsdóttir** | Varaformaður |
| **Halldór Á. Elvarsson** | Gjaldkeri | **Anna Kristjánsdóttir** | Ritari |
| **Máni Matthíasson** | Meðstjórnandi | **Hulda Björgvinsdóttir** | Meðstjórnandi /formaður BUR |
| **Líney Inga Guðmundsdóttir** | Meðstjórnandi | | |

**Aðstaða**

Blakdeildin er með æfingar í Digranesi og Fagralundi. Helmingur æfinga meistaraflokkanna er í Digranesi þar sem báðir flokkar æfa samtímis í hálfum sal, á tveimur rúmgóðum völlum. Húsið er vel nýtt fyrir þá tíma sem við höfum til umráða. Þær æfingar sem meistaraflokkar stunda í Fagralundi eru á ⅓ velli til að koma öllum fyrir. Starfið okkar heldur áfram að vaxa og dafna og enn halda unglingaflokkarnir áfram að sprengja utan af sér. 1. deildar liðin og U20, sem gjarnan eru talin saman, eru áfram fimm og samanstanda fjögur þeirra af U20 liðum. Yngri liðin æfa öll tvær æfingar í Digranesi að kvöldi til og aðrar æfingar í Fagralundi, en fimmta liðið, sem keppir undir merkjum Ýmis valdi að æfa heldur í Fagralundi til að eiga möguleika á betri æfingatíma en það lið er einungis með tvær æfingar á viku.

Meistaraflokkarnir taka nú sína styrktaræfingar í Kórnum eins og aðrar deildir félagsins, líkt og U20 liðin okkar hafa verið að gera tímabilið áður. Þetta fyrirkomulag breyttist hjá meistaraflokkunum að hausti 2024 þar sem aðstaða Kraftlyftingadeildar Breiðabliks í Digranesi var annmörkum háð og ekki alltaf mögulegt fyrir liðin að æfa á þeim tímum sem hentaði best. Styrktarþjálfunin hjá U20 og meistaraflokkum er í gegnum Jóhann Birni Guðmundsson en styrktarþjálfun hjá U16 og U14 er í höndum viðkomandi þjálfara, Emils og Mána, og eru í kjölfar æfinganna sem allar eru í Fagralundi. Þar mætti gjarnan bæta aðstöðuna svo hægt væri að bjóða upp á fjölbreyttari æfingar.

Fagrilundur er einnig gríðarlega mikilvægur fyrir starf blakdeildarinnar og væri gott að að fá aftur inn æfingar á mánudags- og/eða miðvikudagskvöldum en einnig hefur verið klippt af æfingatíma þar á föstudagskvöldum. Yngri flokkarnir okkar æfa í Fagralundi ásamt flestum æfingum neðri deilda en þónokkrir hópar eru þó að æfa á sunnudagskvöldum í Digranesi vegna tímaleysis. Við erum enn og aftur með þann lúxusvanda að vera búin að sprengja utan af okkur plássið og tímana vegna mikillar aðsóknar.

Blakdeild HK heldur áfram að taka vel á móti nýjum iðkendum á öllum aldri í starfið og skilar það sér í mikilli fjölgun í deildinni og erum við stolt af þessum hluta starfseminnar. Það er ekki eingöngu einblínt á afreksstarf heldur einnig verið að gefa fólki kost á að stunda íþróttina með lýðheilsumarkmið í huga. Í yngri flokkunum fjölgar statt og stöðugt og er gríðarlegur fjöldi iðkenda á hverjum velli á flest öllum æfingum. Við erum komin með feikilega stóran hóp af flottum og efnilegum unglingum svo okkur bráðvantar fleiri æfingatíma. Ungmennahóparnir kvennamegin hafa stækkað svo um munar og virðist ekkert lát þar á. Við gerum því ráð fyrir því að skipta upp elstu hópunum í U18 og U20 á þessu ári, þótt eitthvað flæði verði líklega á aldri milli hópa.

Hús Kópavogsbæjar eru enn ómerkt með öllu og þykir okkur ansi miður að geta ekki haft okkar heimaleikjahús í Digranesi merkt, né getum við haft skápa með bikurum til sýnis öllum iðkendum. Við myndum heldur kjósa að hafa húsin merkt öllum þeim félögum sem eru að æfa og keppa í þessum húsum Kópavogsbæjar.

**Heimaleikir**

Allir leikir blakdeildar HK fara fram í Digranesi við toppaðstæður þar sem allar kröfur eru uppfylltar um lofthæð og rými í kringum vellina. Í upphafi tímabils 2024-2025 færðust heimaleikir 1. deildar og U20 af sunnudögum yfir á virka daga í flestum tilfellum, ásamt einstaka laugardegi. Það hefur því verið heilmikið púsl að finna æfingatíma til að bæta þeim liðum upp sem eru að missa æfingar vegna leikja meistaraflokkanna tveggja og fimm liðum 1. deildar og U20. Öll keppnislið innan blakdeildarinnar koma að einhverjum hætti að umsjónum á heimaleikjum liðanna á hverju tímabili.

**Íslandsmót**

Blakdeild HK átti 17 lið á Íslandsmóti BLÍ tímabilið 2023-2024 líkt og árið áður en að vori 2024 var tveimur liðum bætt við, með smá hrókeringum og eitt karlalið datt út svo það eru 18 lið frá HK tímabilið 2024-2025. Þar af eru þrjú lið í neðri deildum sem skipuð eru yngri flokka leikmönnum.

Meistaraflokkur karla endaði í 6. sæti í Unbroken deildinni og datt út í 8 liða úrslitum úr bæði bikarkeppni og úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn vorið 2024. Meistaraflokkur kvenna endaði í 3. sæti í Unbroken deildinni og datt út í undanúrslitum í bikarkeppninni og úrslitakeppninni.

Þrjú kvennalið kepptu í 1. deild kvenna og U20, sem voru saman í deild, en tvö þeirra voru skipuð leikmönnum U20. Í 1. deild karla keppti B-lið meistaraflokks sem var nánast skipað yngri flokka leikmönnum ásamt öðru liði sem eingöngu var skipað leikmönnum U20. Liðin í 1. deild og U20 kepptu bæði leiki heima og að heiman tímabilið 2023-2024, auk þess sem þau fengu þrjú helgarmót. Þrjú lið kepptu í neðri deildum karla og sjö lið í neðri deildum kvenna, sem leikin eru í þremur helgarmótum sem haldin eru um land allt. Að hausti 2024 voru gerðar breytingar þannig að U20 mót kvenna og 1. deild voru tekin í sundur en það hefur ekki reynst okkar liðum nægilega vel, en það vantar fleiri sterkari leiki svo við vonumst til að þessu verði aftur breytt í betri farveg.

Yngri flokkarnir kepptu víða um land á síðasta tímabili, U20 liðin kepptu á helgarmótum í Neskaupstað, Akureyri, Mosfellsbæ og Kópavogi og bikarmót á Akureyri þar sem kvennaliðið endaði sem bikarmeistari. U16 liðin kepptu á Íslandsmóti í Mosfellsbæ og Húsavík og bikarkeppni á Akureyri. U14 kepptu á Íslandsmóti í Mosfellsbæ og Neskaupsstað og einnig á bikarmóti á Akureyri. Einnig kepptu lið úr U16 og U20 á neðri deildar mótum á Hvammstanga, Húsavík og í Neskaupstað í upphafi tímabils 2024-2025.




**Mótahald HK og aðrar fjáraflanir**

Mótahald HK er gríðarlega mikilvæg fjáröflun fyrir allt starf innan blakdeildarinnar og eins og oft áður höfum verið að halda flest mót á vorönn. Árið hófst að venju á HK trimm í janúar, tveimur vikum síðar héldum við staðarmót fyrir U20 og 1.deildir. Um miðjan mars héldum við Íslandsmót neðri deilda fyrir 2.-6. deild kvenna á 13 völlum í þremur húsum, Digranesi, Fagralundi og Kórnum og helgina eftir héldum við úrslitamót 1. deilda og U20 í Digranesi. Yfir sumartímann héldum við tvö stigamót í strandblaki, seint í júní og annað helgina eftir verslunarmannahelgi.

Á haustönn héldum við fyrri hluta Íslandsmóts yngri flokka, U12, U14 og U16 - og var það í fyrsta

sinn í langan tíma sem við höfum verið með stórt yngri flokka mót. Mótið var haldið í Kórnum með börn utan af landi í gistingu og fæði. Það tókst frábærlega til og fengum við bæði miklar tekjur af mótinu og einnig var gríðarleg ánægja með alla aðstöðu í Kórnum. Auk mótanna tók deildin einnig þátt í fjáröflunum í formi vörutalninga, brautarvörslu og fjármálafyrirtækjamóts í Kórnum.

**Þjálfaramál**

Við erum með gríðarlega gott þjálfarateymi innan blakdeildar HK og búum við að mikilli reynslu og góðri samvinnu þjálfaranna. Massimo Pistoia þjálfar meistaraflokk karla og Bryan Silva Grisales meistaraflokk kvenna. Máni Matthíasson þjálfaði U20 lið karla út vorið 2024 en á sumarmánuðum tók Bryan við liðinu. Bryan kemur einnig að fleiri hópum, er með U12 og kemur inn á æfingar hjá U16 og U20 kvenna. Emil Gunnarsson er þjálfari U16 og U14 ásamt Mána Matthíassyni. Emil var einnig ráðinn yfirþjálfari yngri flokka á haustmánuðum og kemur að auki að þjálfun U20 kvenna. Þjálfari U20 kvenna er Bjarki Benediktsson og Mateusz Klóska er áfram með 1. deildar lið Ýmis. Við erum einnig með aðstoðarþjálfara í yngri flokkum og marga fleiri þjálfara sem koma að þjálfun neðri deilda.

Meistaraflokksþjálfararnir okkar eru með kvennalandsliðið og höfum við verið mjög liðleg við að leggja fram okkar æfingatíma. Við eigum einnig góðan slatta af núverandi og fyrrverandi leikmönnum í landsliðunum auk þess sem við eigum þjálfara í yngri landsliðum.

**Strandblak og strandblaksaðstaða í Fagralundi**

Mikil ánægja er með strandblaksvellina og aðstöðuna í Fagralundi og hafa þeir verið vel nýttir frá vori og vel fram á haust. Greiða þurfti mánaðarlega fyrir Skeddu í fyrsta sinn, forrit sem heldur utan um bókanir á vellina. Komið hefur til tals að reyna að rukka þau lið sem halda mót á völlunum til að fá einhverjar tekjur á móti þeirri upphæð. Það myndi síðan bæta aðstöðuna verulega að fá rennandi vatn og klósettaðstöðu við vellina en sömuleiðis væri mjög gott ef hægt væri að komast í rafmagn á keppnissvæðinu.

Unglingalandslið héldu til Bridlington sumarið 2024 og kepptu á strandblaksmóti á vegum NEVZA. HK átti fimm flotta leikmenn í þessum hópi sem stóðu sig öll ótrúlega vel. Helena Einarsdóttir og Heba Sól Stefánsdóttir gerðu sér lítið fyrir og tóku 3. sætið í U20 stúlkna.



Stigameistari í strandblaki karla var Tómas Davidsson, leikmaður meistaraflokks HK, og í þriðja sæti á Íslandsmótinu urðu leikmenn meistaraflokks kvenna, Magdalena Sigurjónsdóttir og Savannah Dean Marshall. Einnig voru HK leikmenn í 2. sæti í U16, þær Aðalheiður Guðmundsdóttir og Þorbjörg Rún Emilsdóttir.

**Leikmannamál**

Bæði meistaraflokkslið eru mikið til skipuð ungum leikmönnum og eru gríðarlega vaxandi, þá sérstaklega karlaliðið og verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni. Einnig eru að koma upp stórir hópar í yngri flokkunum sem verða framtíðarspilarar og má leiða líkur að því að við sjáum uppalda HK-inga í fleiri liðum en bara hjá HK.

**Íþróttahátíð HK**

Íþróttafólkið okkar var að venju heiðrað á íþróttahátíð HK að ári loknu en að þessu sinni voru það Tómas Davidsson og Líney Inga Guðmundsdóttir sem voru tilnefnd af deildinni. Líney var valin sem íþróttakona HK og bætist þar í hóp margra annarra frábærra leikmanna sem blakdeildin hefur alið upp. Guðný Rún Rósantsdóttir og Markús Freyr Arnarsson voru heiðruð í flokki 13-16 ára og loks var lið U20 kvenna valið lið ársins hjá HK. Liðið varð bikarmeistari í upphafi árs 2024 og enduðu í 2. sæti á Íslandsmótinu eftir hörkuspennandi og jafnan fimm hrinu leik.

**Sumarstarf blaksins**

Æfingatímabilið hjá elstu hópum yngri flokkanna var lengt inn í sumarið, fram í byrjun júlí og að því loknu hélt um 50 manna hópur ungmenna til Ítalíu í æfingabúðir, sem var enn fjölmennari hópur en árið áður og á breiðari aldri. Ferðin var vel heppnuð og skemmtileg og er mikill áhugi á að fara aftur þangað eða eitthvað annað.

Sumarnámskeiðin hjá blakdeildinni voru haldin í Kórnum í júní en þar sem skráning var ekki mikil var það haldið með handboltanum og í yfirumsjón þeirra en blakdeildin var með tvær stúlkur sem sumarstarfsmenn á vegum Kópavogsbæjar. Þær aðstoðuðu einnig við strandblaksmót sumarsins. Tímabilið hófst svo aftur hjá meistaraflokkunum strax eftir versló, viku seinna hjá U20 og um miðjan mánuðinn hjá U16. Aðrir flokkar og neðri deildir hófu svo sitt starf í byrjun september.

**Hollvinir blakdeildar HK - HK blakarar**

Áfram er hægt að vera Hollvinur blakdeildar HK í gegnum Abler og færum við þeim örfáu einstaklingum hjartans þakkir fyrir stuðninginn. Markmiðið er að efla og styðja við allt starf innan blakdeildar HK en þó sérstaklega við meistaraflokka og barna- og unglingastarf. Næstkomandi tímabil er mjög mikilvægt að setja aukinn kraft í að safna hollvinum og færa þá annað hvort alfarið yfir í Stubb eða halda þeim í Abler.

**Afmæli HK og heiðranir**

